



Íslenska 9. bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Við lok 9. bekkjar getur nemandi:</p> <p>Talað mál, hlustun og áhorf</p> <p>Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hafi tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.</p> <p>Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, s.s. um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.</p> <p>Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.</p> <p>Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.</p>	<p>Kynningar á ýmsum verkefnum, flutningur ljóða og leikþátta auk upplesturs.</p> <p>Áhersla lögð á hópavinnu, rökstuðning í töluðu og rituðu máli auk framsagnar og kynninga á fjölbreyttum verkefnum.</p> <p>Innlagnir og upplestur á bókmenntum. Hlustað á ljóð, horft á þætti og kvikmyndir, oft gerðar eftir bókmenntum sem lesnar hafa verið. Valin verkefni úr fjölmiðlum unnin og kynnt.</p> <p>Skapa traust innan hvers námshóps. Umræður og hópavinnu.</p>	<p>Þjálfra framsögn og það að koma fram fyrir hóp.</p> <p>Þjálfra samvinnu og samræður og æfa tjáningu og rökstuðning.</p>	<p>Jafningjamat, framsögn og ljóðaflutningur ásamt leiðsagnarmati. Kynningar. Próf, verkefni.</p>



<p>Nýtt sér fjölmiðla, s.s. útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.</p> <p>Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.</p>			
<p>Lestur og bókmenntir</p> <p>Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. Skilið mikilvægi þess að hafa gott vald á lestri og geti greint, skilið og útskýrt aðalatriði í texta. Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.</p> <p>Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðuleika ritaðs máls, s.s. fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess.</p> <p>Unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér.</p> <p>Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa .</p> <p>Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar bókmenntar og</p>	<p>Lestur og samlestur með kennara og/eða samnemendum, umræður og verkefnavinna.</p> <p>Lestur, umræður og verkefnavinna mismunandi texta, skáldsagna, Íslendingasagna, ljóða, fréttu úr fjölmiðlum o.fl.</p> <p>Unnið með heimildir, áreiðanleika þeirra og skráningu. Virk endurgjöf og leiðsögn kennara, samnemenda og foreldra meðan á heimildavinnu stendur.</p> <p>Val á milli mismunandi skáldsagna. Umræður um íslenskan menningararf í formi bókmennta.</p> <p>Fjallað um Íslendingasögur, sérstöðu þeirra, siðferði og varðveislu.</p> <p>Lestur ýmiss konar texta og flutningur og túlkun ljóða, einstaklings- og hópavinna í verkefnum, innlagnir hugtaka.</p> <p>Kennarar séu vakandi fyrir áhugaverðum kvikmyndum og</p>	<p>Þjálfar lestur með lestri fjölbreyttra texta, efla lesskilning, túlka og meta.</p> <p>Kynna sér texta og upplýsingar úr fjölmiðlum og af neti, leggja mat á trúverðuleika heimilda og vinna úr mismunandi fjölmiðlaefni eftir áhugasviði. Tileinka sér og þjálfar gagnrýna hugsun.</p> <p>Vinna að verkefnum þar sem notaðar eru heimildir og þær skráðar á réttan hátt.</p> <p>Velja sér reglulega frjálislestrarbækur eftir áhugasviði eða á milli nokkurra titla íslenskra skáldsagna og lesa í tímum og heima.</p> <p>Lesar fjölbreytta texta, ræða um þá, túlka og kynna. Nemendur kynnist mismunandi bókmenntatextum og átta sig á áhugasviði sínu.</p> <p>Nemendur kynnist og vinni með ýms bókmennta- og ljóðahugtök, s.s. tíma, sjónarhorn, sögusvið, sögumann, fléttu, minni, tákni, vísun,</p>	<p>Lesskilningsverkefni- og kannanir, hópverkefni, samvinnupróf.</p> <p>Kynningar á verkefnum.</p> <p>Umræður, lesskilningsverkefni- og kannanir.</p> <p>Framsögn/flutningur ljóða, örpróf í ljóðum.</p> <p>Áhorf nýtist nemendum í öðru námsmati.</p>



<p>gert sér grein fyrir gildi bókmennta. Skilið og útskýrt að íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum.</p> <p>Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og bragfræði og lesið og túlkað ljóð.</p> <p>Skilið og útskýrt, metið og túlkað frásagnarhátt kvikmynda.</p>	<p>sjónvarpsefni fyrir nemendur að kynnst. Nemendur geti dýpkað þekkingu sína á áhorfsefni tengdu ólíkum bókmenntaverkum.</p>	<p>stílbrogð, boðskap, rím, ljóðstafi, myndmál o.fl.</p> <p>Umræður og túlkun í bekk og smærri hópum.</p> <p>Nemendur átti sig á ólíkum áherslum skáldsagna annars vegar og kvikmyndum gerðum eftir þeim hins vegar.</p>	
<p>Ritun</p> <p>Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.</p> <p>Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og séu óhræddir við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.</p> <p>Beitt reglum um rétttritun, hafi náð góðu valdi á stafsetningu og geri sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.</p> <p>Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.</p> <p>Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.</p>	<p>Skýrar leiðbeiningar fyrir nemendur, tíð og markviss endurgjöf meðan á ritunarferli stendur. Leiðbeinandi umsögn með einkunn í lokin.</p> <p>Ítarlegar leiðbeiningar og góður undirbúningur, áhugaverð kveikja, hvatning til að tjá sig óhindrað, bæði í rituðu og töluðu máli.</p> <p>Tengja rétttritun við aðra þætti íslenskunnar á heildstæðan hátt, t.d. með umfjöllun um orðmyndun og hljóðbreytingar. Markviss lestur og ritunarþjálfun ásamt fjölbreyttum verkefnum.</p> <p>Fjölbreytt verkefnavinna samhliða lestri mismunandi texta.</p> <p>Leiðbeiningahefti um ritun, heimildavinnu og heimildaskráningu.</p> <p>Einstaklingsviðtöl og endurgjöf til nemenda meðan á ritunarferlinu stendur frá foreldrum,</p>	<p>Vinna eftir fyrirmælum um rétta uppsetningu texta og þjálfu ritun.</p> <p>Rökhugsun, skipulag, samvinnu o.fl.</p> <p>Lesið reglulega fjölbreytta texta, æfa sóknarskrift og að skrifa eftir upplestri. Nýta sér stafsetningavefi, villupúka og hafa í huga orðhluta og orðmyndun ásamt áhrifum hljóðbreytinga.</p> <p>Skrifa mismunandi texta skv. fyrirmælum og aðlaga texta að mismunandi málsniði.</p> <p>Vinna að heimilda- og ritunarverkefnum. Kynna sér leiðbeiningahefti frá kennara varðandi heimildir, skráningu þeirra og áreiðanleika .</p>	<p>Fjölbreytt ritunarverkefni tengd fjölmiðlum, heimildaskráningu og bókmenntum.</p> <p>Ritunarverkefni, stafsetningarupplestur.</p> <p>Vinnubók, kynningar.</p>



	samnemendum og kennurum.		
<p>Málfræði</p> <p>Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann.</p> <p>Nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.</p> <p>Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.</p> <p>Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. Áhersla lögð á sagnorð.</p> <p>Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og geri sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni.</p>	<p>Lestur fjölbreyttra texta, ritunarverkefni sem þjálfar sérstaklega mismunandi málsnið, umræður. Verkefni unnin í kjölfarið.</p> <p>Innlagnir og umræður ásamt fjölbreyttum verkefnum, m.a. í anda heildstæðrar móðurmálskennslu og „orð af orði.“</p> <p>Fjölbreytt verkefni, bæði fyrir einstaklinga og hópa.</p> <p>Innlagnir, verkefni og umræður.</p> <p>Tryggður aðgangur að uppflettiritum, fjölbreytt verkefni, umræður og lestur.</p>	<p>Þjálfar lestur og ritun fjölbreyttra texta sem m.a. innihalda samtöl.</p> <p>Vinna með orð af mismunandi orðflokkum, skoða stofn orða, rætur, forskeyti og viðskeyti ásamt stafrófinu.</p> <p>Tileinka sér gagnrýna hugsun í vali á upplýsingaveitu, þjálfar notkun handbóka og orðasafna í ýmsum verkefnum.</p> <p>Mikil æfing í að greina orð í orðflokka og rýna í hvert er hlutverk hvers orðflokks. Sagnorð æfð sérstaklega.</p> <p>Lesi fjölbreytta bókmenntatexta og nýti sér málshátta- og orðtakasöfn til skilnings og við ritun.</p>	<p>Ritunarverkefni, próf og framsögn.</p>